

Fólaþlað Völsungs 2017



STOFNENDUR Í. F. VÖLSUNGS

Benedikt Bjarklind
Jón Bjarklind
Kristján Theodorsson
Bjálmar Theodorsson
Egbert Jóhannesson
Sigtryggur Fl. Albertsson
Helgi Kristjánsson
Gunnar Bjarnason
Vernharður Bjarnason
Wimí Kristjánsson
Magnús Bjarnason
Bjarni Pétursson
Jóhann Gunnar Benediktsson
Bergmann Jónsson

Formannshúsinu
Formannshúsinu
Gróf
Gróf
Skógargerði
Veðramóti
Valbergi
Bjarnahúsi
Bjarnahúsi
Valbergi
Bjarnahúsi (Stangarbakki)
Vallholti
Skóláhúsinu
Móbergi



Georg Jónsson
Jónatan Helgason
Engilbert (Valdemar) Vigfússon
Ásbjörn Benediktsson
Sigtryggur Albertsson
Jóhann Hafstein
Jakob V. Hafstein
Jón Kristinn Hafstein
Ásgeir Fálsson
Marteinn Steingrímsson
Þráinn Kristjánsson
Albert Jóhannesson
Sören Einarsson

Haganesi
Helgastöðum
Dorvaldsstöðum
Skóláhúsinu
Melum
Sýslumannshúsinu
Sýslumannshúsinu
Sýslumannshúsinu
Gardshorni
Túnsbergi
Jörfa
Baldushaga
Dvergasteini

KNATTSPYRNULIÐ VÖLSUNGS MEÐ VALSSKJÖLDINN UM 1934

FREMSTA RÖÐ FRÁ VINSTRI: GEORG JÓNSSON, JÓN BJARKLIND.

MÍÐRÖÐ FRÁ VINSTRI: VALDIMAR VIGFÚSSON, ÞORLEIFUR SIGURBJÖRNSSON (FRÁ GRÍMSEY), HELGI KRISTJÁNSSON, ÁSBJÖRN BENEDIKTSSON, SÖREN EINARSSON.

AFTASTA RÖÐ FRÁ VINSTRI: MARTEINN STEINGRÍMSSON, MAGNÚS BJARNASON, BJARNI PÉTURSSON, JÓHANN HAFSTEIN, ÞRÁINN KRISTJÁNSSON.

Þorsteinn Marinósson, framkvæmdastjóri íþróttafélagsins Völsungs

Að vera Völsungur.

Ágætu Völsungar, gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Stærstan hluta ævi minnar hef ég verið viðriðinn íþrótta- og ungmennafélagsshreyfinguna. Sem félagi, iðkandi, sjálfboðaliði, nefndarmaður, stjórnarmaður, þjálfari og starfsmaður. Það má því segja að ég hafi komið víða við. Í haust réð ég mig til starfa hjá Völsungi. Frá því ég hóf störf hér hef ég spurt sjálfan mig að því: Hvað er að vera Völsungur?

Það er ljóst að það er frekar víðtækt og verður spurningunni líklega ekki svarað að fullu hér. Þó eru nokkur atriði sem koma upp í hugann. Völsungar eru jú grænir, þeir hafa áhuga

á íþróttum, búa flestir á Húsavík o.s.frv. Mig langar þó að kafa dýpra, því líkt og að þekkja sjálfan sig vel, gefur manni tækifæri á að bæta sjálfan sig, þá er það sama hægt að segja um félagið. Eftir því sem við þekkjum félagið betur, fólkið á bakvið það, markmiðin, gildin, stefnuna og fleira, skapast tækifæri til þess að bæta það. Ekki misskilja mig, Völsungur er gott íþróttafélag og jafnvel betra en mörg önnur. Það má hinsvegar ekki valda því að við látum það duga. Það eru nefnilega gríðarleg tækifæri fólgin í því að gera gott félag að frábæru félagi.

Hvernig förum við að því? Rekstur íþróttafélaga í dag er ekkert ósvipaður rekstri fyrirtækja. Við vinnum að því að skapa einhverskonar verðmæti. Okkar verðmæti eru þó sjaldnast fólgin í fjármunum. Okkar verðmæti felast í mannauði. Það sem getur gert okkur farsæl og tryggt okkur önnur góð 90 ár sem öflugt félag, byggir samt að sumu leyti á því sama og hjá fyrirtækjum. Við þurfum að byggja upp sterka menningu innan félagsins. Menningu sem drifin er áfram af metnaði, krafti og áræðni.

Það hlutverk sem íþróttafélag eins og Völsungur leikur í samfélagi sem þessu er oft mjög vanmetið. Við erum mikilvægur þáttur í uppeldi, við erum öflugur talsmaður samfélagsins útávið og við tengjum ólíka hópa innan samfélagsins svo fátt eitt sé nefnt. Það er kominn tími til að grípa tækifærið sem við stöndum frammi fyrir og tryggja félaginu sess sem ein af grunnstöðum samfélagsins sem við búum í.




Jóla kveðja, Steini.

Íþróttafólk Völsungs


Íþróttafólk Völsungs fer fram miðvikudaginn 27. desember klukkan 17:00 í Skjálfanda sal á Fosshótel. Veittar verða viðurkenningar, ásamt því sem íþróttafólk Völsungs verður útnefnt. Boðið verður upp á kaffi og konfekt.



Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og þakkar stuðninginn og samfylgdina á árinu sem er að líða.
Jóla kveðja, Aðalstjórn



**Gleðilega hátíð
þökkum við skemmtilegt ár.**



-Áfram Völsungur-
Jóla kveðjur
Guðrún og Guðbjartur
Börkur og Erna
Jónas og Helena



Ávarp formanns

Árið 2017 hefur verið mjög ánægjulegt og gott ár með mörgum skemmtilegum verkefnum og ber þar hæst 90 ára afmæli félagsins. Við héldum upp á afmælisdaginn 12. apríl með veglegri veislu að Fosshoteli auk þess sem deildir félagsins tileinkuðu atburði afmælisárinu.

Aðalstjórn Völsungs skipa, Guðrún Kristinsdóttir formaður, Þóra Kristín Jónasdóttir gjaldkeri, Rannveig Þórðardóttir ritari, Daníel Borgþórsson og Heiðar Hrafn Halldórsson meðstjórnendur. Varamenn eru Víðir Svansson og Áslaug Guðmundsdóttir. Í stjórninni sitja líka fulltrúar yngri kynslóðarinnar þau Ágúst Þór Brynjarsson og Hulda Ösp Ágústsdóttir. Þau Berglind Jóna Þorláksdóttir og Már Höskuldsson óskuðu ekki eftir áframhaldandi stjórnarsetu og þökkum við þeim fyrir þeirra störf innan aðalstjórnar.



Guðrún Kristinsdóttir.

Í haust tók nýr framkvæmdarstjóri til starfa, Þorsteinn Marinósson, eftir að Guðmundur Friðbjarnarson hætti störfum. Guðmundi eru þökkun vel unnin störf fyrir félagið um leið og við bjóðum Þorstein og fjölskyldu velkomna til Húsavíkur. Það hefur reynst okkur í aðalstjórn erfitt að halda framkvæmdastjórum lengur en eitt til tvö ár, ástæðurnar fyrir því eru margar og margbreytilegar. Starf framkvæmdastjóra er mikið og víðtækt, hann er yfirmaður íþróttamála hjá félaginu og vinnur að stefnumótun og almennu félagsstarfi ásamt aðalstjórn Völsungs. Hann hefur yfirumsjón með skrifstofu Völsungs og sér um greiðslur og innheimtu á reikningum og kemur að gerð fjárhagsáætlana í samráði við aðalstjórn og deildir. Á þessari grófu upptalningu hjá mér sést að starfið er mikið og ekki unnið frá klukkan átta til fjögur, fundir með aðalstjórn og deildum eru alltaf eftir klukkan fjögur og situr framkvæmdastjóri alla fundi aðalstjórnar og er oft boðaður á fundi deilda.

Í níutíu ára sögu Völsungs held ég að við Völsungar getum verið nokkuð sáttir við það sem við höfum afrekað, félagið er vel rekið með góða þjálfara og fólk sem er tilbúið að leggja á sig ómælda sjálfboðavinnu fyrir félagið. Við eigum að vera stolt af afrekum okkar sem sjást best á öllu því íþróttafólki sem við eigum og prýða félög um allt land, íþróttafólki sem stendur sig vel og er verðlaunað fyrir afrek sín og er vitnað í að þau komi frá Völsungi á Húsavík. Þetta segir okkur að við erum að gera vel og það er tekið eftir því á landsvísu, stefnum hátt og gerum börnunum okkar kleift að æfa í öruggu umhverfi undir handleiðslu vel menntaðra þjálfara við góðar aðstæður.

Það er von mín um leið og ég þakka öllum okkar styrktaraðilum fyrir þeirra framlag til félagsins sem er okkur ómetanlegt að þeir sjái að styrkjunum er vel varið til eflingar íþróttastarfs innan Völsungs. Til þess að við getum eftir íþróttafólk okkar enn frekar þurfum við öfluga og sterka styrktaraðila sem eru tilbúnir að koma með okkur í þá vinnu.

Fyrir hönd Í.F. Völsungs vil ég þakka Norðurþingi, styrktaraðilum, stjórnarfélagi, foreldrum, þjálfurum og iðkendum gott samstarf á árinu. Afmælisnefnd Völsungs þakka ég alla þá vinnu sem þau lögðu á sig við undirbúning afmælisársins. Ég óska öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir liðið ár.

Jólaþakka, Guðrún Kristinsdóttir



Þekkingarsetrið á Hafnarstétt
óskar Þingeyingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



Þekkingarnet
Þingeyinga



Náttúrustofa
Norðausturlands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Deloitte ehf. óskar
Völsungum
og Þingeyingum öllum
gleðilegra jóla og farsældar
á komandi ári.



Deloitte.



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



ÁRAMÓTABRENNNA og FLUGELDASÝNING

KVEIKT VERÐUR

Í ÁRAMÓTABÁLKESTI VIÐ HÚSAVÍK
KL. 16:45 ÞANN 31. DESEMBER.

ÍPRÓTTAFÉLAGIÐ VÖLSUNGUR SÉR UM AÐ
TENDRA ELDINN. KIWANISKLÚBBURINN
SKJÁLFAÐI VERÐUR MEÐ FLUGELDASÝNINGU.

KOMUM SAMAN OG KVEÐJUM ÁRIÐ 2017
OG FÖGNUM ÞVÍ NÝJA.
BRENNAN ER STAÐSETT FYRIR NEDAN
SKJÓLBREKKU.

MUNIÐ AÐ KOMA HVORKI MEÐ FLUGELDA
NÉ BLYS AÐ BRENNUNNI, LÁTUM FAGMENNINA
HJÁ KIWANIS SJÁ UM ÞÁ HLUTI.



Óskum starfsfólki okkar, fjölskyldum
og Þingeyingum öllum

gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



GPG
SEAFOOD

Íþróttafólk Völsungs 2016

Íþróttafólk Völsungs var heiðrað við hátíðlega athöfn að Fosshótel í desember 2016. Kjartan Páll Pórarinsson ávarpaði samkomuna og veitt voru verðlaun og viðurkenningar fyrir ýmis afrek á árinu 2016. Hvatningarverðlaun hlutu fyrir bardagaíþróttir Guðrún Halla Jónsdóttir og Hörður Mar Jónsson, blak Andri Már Sigursveinsson og Arney Kjartansdóttir, fyrir fimleika Alex Jónsson og Elín Pálsdóttir, handbolta María Ævarsdóttir og Páll Vilberg Róbertsson, knattspyrna Kristný Ósk Geirsdóttir og Gunnar Kjartan Torfason, skíðaganga Fannar Ingi Sigmarsson og Karen Linda Sigmarsdóttir og sund Elsa Dögg Stefánsdóttir og Styrmir Frans Snorrason. Allt er þetta ungt og efnilegt íþróttafólk sem leggur hart að sér við æfingar til þess að ná árangri.



Kjör á Íþróttamanni Völsungs árið 2016. F.v. Íþróttamenn ársins Bjarki Baldvinsson og Jóna Björk Gunnarsdóttir. Og síðan þau sem einnig voru tilnefnd, Sylgja Rún Helgadóttir, Sigurður Már Vilhjálmsson, Ólafur Karlsson og Dagbjört Ingvarsdóttir.

Viðurkenningar fyrir landsliðsverkefni í knattspyrnu hlutu Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir, Atli Barkason, Elva Mjöll Jónsdóttir, Krista Eik Harðardóttir og Rafnar Máni Gunnarsson. Í blaki Arna Védís Bjarnadóttir, Arney Kjartansdóttir og Heiðrún Magnúsdóttir. Verðugir fulltrúar okkar Völsunga.

Völsungur átti Íslandsmeistara í 5. flokki í blaki á árinu 2016, liðið var skipað þeim Andra Má Sigursveinssyni, Hreini Kára Ólafssyni, Sigrúnu Mörtu Jónsdóttur, Heiðdís Eddu Lúðvíksdóttur og Kristey Marín Hallsdóttur. Einnig áttum við Íslandsmeistara í 3. deild í boccia þau Ólaf Karlsson, Hildi Sigurgeirsdóttur og Sigurð Helga Friðnýjarsón. Flottur árangur hjá öflugum og góðu íþróttafólki.

Við færðum Dóru Ármannsdóttur blómvönd frá félaginu fyrir að vera stuðningsmaðurinn í brekkunni en Dóra mætir á flesta leiki hjá meistaraflokkunum og það heyrir vel í henni þegar hún hvetur okkar menn til dáða.

Þrír leikmenn náðu þeim áfanga á árinu að spila meira en 100 leiki fyrir félagið en það eru þeir Arnþór Hermannsson með 111 leiki, Bergur Jónmundsson með 117 leiki og Sigvaldi Þór Einarsson með 105 leiki.

Að lokum var íþróttafólk Völsungs heiðrar en tilnefningar fyrir blak Jóna Björk Gunnarsdóttir, fyrir handbolta Sigurður Már Vilhjálmsson, fyrir boccia Sylgja Rún Helgadóttir og Ólafur Karlsson og fyrir knattspyrnu Dagbjört Ingvarsdóttir og Bjarki Baldvinsson.

Íþróttafólk Völsungs fyrir árið 2016 voru valin þau Jóna Björk Gunnarsdóttir og Bjarki Baldvinsson. Bæði hafa þau æft í mörg ár innan Völsungs og eru verðugir fulltrúar að hljóta þessi verðlaun. Ég óska þeim innilega til hamingju ásamt öll þeim er hlutu viðurkenningar, glæsilegur árangur.

**Jólaevegja
Guðrún Kristinsdóttir**

Óskum Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.
Þökkum liðin ár.



Gleðileg jól



og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Óska viðskiptavinum mínum og
öðrum þingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls komandi árs.
Þakka viðskiptin á árinu
sem er að líða.

Hárgreiðslustofa

Huldu Jóns

Skálabrekku 11 - S. 464 1885



Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Húsvík Adventures
óskar Völsungum nær
og fjær gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



HÚSAVIK
ADVENTURES

Jólahugvekja sóknarprests

Hvaða Jesú?

„Sjá, konungur þinn kemur til þín, hógvæ er hann og ríður asna, fola undan áburðargrip. Herrann þarf þeirra við.“ Jes. 62.11 Þessi orð spámansins áttu eftir að rætast nokkur hundruð árum síðar þegar Jesús valdi sér asna til fararinnar inn um borgarhlið Jerúsalem borgar. Við hliðið hafði fjöldi fólks safnast saman og veifaði greinum og lim af trjám sem það hafði hoggið af þeim og sumir dreifðu þessu á veginn. Mannfjöldinn hrópaði: „Hósanna syni Davíðs. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins.“ Matt. 21. 9.

Það var til siðs að gera þetta til að hylla konungborna vegfarendur. Samtímamenn Jesú voru ekki í vafa um það að Jesús myndi með yfirnáttúrulegum hætti brjóta hernám Rómverja á bak aftur og veita þeim frelsi sem veraldlegur konungur. Íbúarnir áttu von á einhverjum með hershöfðingjalegt yfirbragð sem gæti gert hið ómögulega og breytt öllum aðstæðum. Hin ráðandi stétt í Jerúsalem skildi ekki að Jesús var ekki sá sem ætlaði að koma með valdi, ríkidæmi, stríði og yfirgangi. Hann var ekki kominn til að vera Herra alheimur eða forseti, ekki veraldlegur konungur heldur auðmjúkur bróðir og þjónn, farvegur friðar, frelsis og réttlætis fyrir alla menn.

Í hvaða hópi erum við? Erum við að rífa limið af trjánunum og henda á götuna fyrir einhvern allt annan en Jesú eða erum við að undirbúa okkur undir komu barnsins: Guðs ljóssins, gleðinnar, blessunarinnar? Það er í þessum anda sem er svo mikilvægt að við stöldrum við og spyrjum okkur hvaða Jesú ætlum við að taka á móti á jólum? Er það einhver skáldsagnapersóna úr ævintýraheimi bókmenntanna með töfrasprotu eða Jesús, lifandi barn sem lagt var í jötu og sagnfræðilegar heimildir vitna um að hafi verið til fyrir rúmlega tvö þúsund árum og reynsla milljóna trúaðra kristinna manna staðfestir að lifir upprisinn í dag?

Aðventan merkir koma og vísar til ferðalags Jesú frá Guði föður inn í þennan heim þar sem hann afskrýðist sínum tignarskrúða og fæðist sem ósjálfbjarga barn fyrir tilstuðlan alþýðukonunnar Maríu sem Guð hafði falið þetta blessunarlega mikla hlutverk. Hann er að koma og aðventan er tækifæri fyrir mig og þig til að undirbúa komu hans en hann vill setjast að í hjörtum okkar. Hann knýr dyra og snerillinn er í okkar höndum.

Jesús kemur vegna þess að veröldin er í álögum, hún er öfugsnúin og þráir frið, leiðsögn, visku, ást himins í sinn garð. Jesús er á leiðinni og hann kemur ekki til með að birtast á hvítatjaldinu með töfrasprotu. Hann kemur ekki til með að birtast í söluvarningi merktum sér, tölvuleik eða geisladisk, heldur með því að vera menskur og tilfinningaríkur vinur okkar og bróðir, frábær kennari, einstakur leiðbeinandi og þjálfari í mannlegum samskiptum þar sem hógværdin er fremri hrokanum og kærleikurinn fremri illskunni.

Gleðileg jól

Sr. Sighvatur Karlsson, sóknarprestur



orkusalan 

422 1000 | orkusalan@orkusalan.is | orkusalan.is | Finndu okkur á Facebook

Við gefum **Grænt ljós**

Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

Frumkvæði

Frumkvæði mannsins er fallett, það er villt, fullt af krafti og unggæðingshætti. Frumkvæðið á sér engin takmörk og er einn drifkraftur hins daglega lífs. Frumkvæði er eitthvað sem ekkert samfélag eða íþróttafélag getur verið án. Völsungur, sem okkur finnst svo sjálfsgæður hluti af okkar lífi í dag varð ekki til að sjálfu sér.

Frumkvæði, fyrsta kvæðið sem ort var hefur eflaust vakið upp fleiri spurningar en það svaraði.

Frumkvæði getur stundum verið spaugilegt, snilldarlegt, skrítið, eða jafnvel hneykslandi eða hættulegt. Ástæðan er að það er verið að fara ótroðnar slóðir. Að sumu leyti má segja að ákveðin óvissa verði að fylgja frumkvæðinu. Næsta skref verður að fylgja því fyrsta og oftar er það skref stigið ósjálfrátt. Að sparka í bolta, taka handahlaup eða dýfa sér í djúpu laugina tekur augnablik. Hvað gerist næst þegar við opnum augun verður að fá að koma í ljós.

Völsungur fæddist fyrst sem hugmynd í kolli ungra drengja.

Fyrsta skrefið var tekið og hið næsta fylgdi á eftir.

Völsungur sem við þekkjum í dag er ekki sá sami og lagði af stað fyrir 90 árum síðan fyrir frumkvæði nokkurra ungra drengja. Sigrarnir, töpin, jafnteflin, vonirnar, vonbrigðin, breytingarnar og þróunin hafa markað leið félagsins og munu gera það næstu 90 ár.

Nú í dag má líta á deildir Völsungs til að sjá hverju frumkvæðið hefur skilað. Fótboltinn hefur alltaf skipað stóran sess í sögu Völsungs og greinar eins og blak eru ört vaxandi og er gefandi að fylgjast með slíku starfi. Einnig ber að nefna Tae-KwonDo sem hefur bætt við nýjum vinkli í íþróttalífið á Húsavík. Hópur fólks leggur stund á bandi af kappi og keppir undir merkjum félagsins. Skíðagangan er líka vaxandi á Húsavík og á landsvísu en þó aðallega yfir vetrartímamann, eðlilega. Deild almenningsíþróttar gefur nánast takmarkalaus tækifæri til að fá nýja iðkendur og félagsmenn.

Að lokum ber að hafa í huga að Völsungur er ekkert án Völsunga. Þú og ég erum félagið og við höfum öll tækifæri til að hafa áhrif á það starf sem fer fram undir merkjum Völsungs. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að ekkert félag á Íslandi er hætt að taka á móti sjálfboðaliðum og góðum hugmyndum.

Láttu þitt ekki eftir liggja!



Völsungskveðja

Kjartan Páll Þórarinnsson

Íþrótt- og tómstundafulltrúi Norðurlágs

Jóla- og nýárskeið Héraðssambands Þingeyinga

Sendum öllum Þingeyingum bestu jóla- og nýárskeiður með þökk fyrir stuðning, samstarf og allt sjálfboðaliðastarf á árinu sem er að líða.

Góðar jóla- eða tækifærisgjafir:

Hjá HSP er til sölu afmælisritið “HSP 100 ára – 1914-2014”; saga fyrrum héraðssambandanna HSP og UNP og síðar sameinaðs Héraðssambands Þingeyinga í máli og myndum yfir heila öld. Lyklakippa merkt HSP fylgir hverri bók.

Að auki er hægt að kaupa góða málmenna merкта afmælisári og til eru nokkrir DVD-diskar með afar skemmtilega gömlum upptökum af landsmótum, sem HSP hélt á Laugum 1946 og 1961 - og á Húsavík 1987.

Upplýsingar og pöntun í netfangi HSP; hsth@hsth.is



Yngri flokkar í knattspyrnu

Barna- og unglíngaráð í knattspyrnu heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs í knattspyrnu. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningar þjálfara.

Ráðið er skipað þremur af fimm fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu. Núna skipa ráðið Jón Höskuldsson formaður, Harpa Ásgeirsdóttir ritari, Kristinn Jóhann Lund gjaldkeri, Ásta Magnúsdóttir og Gunnar Jónsson. Þá situr framkvæmdastjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn Völsungs.

Tölverðar breytingar urðu hjá Barna- og unglíngaráði á árinu. Elín Pálmadóttir og Gunnar Illugi Sigurðsson hættu í ráðinu og eru þeim þökkun vel unnin störf fyrir félagið. Þá lét Unnar Þór Garðarsson af störfum en hann var búinn að starfa lengi sem þjálfari og yfirþjálfari hjá Völsungi. Unnari þökkum við einnig vel unnin störf. Þá hefur orðið sú breyting

að ekki er starfandi yfirþjálfari en Unnar Þór var áður í 100% stöðu yfirþjálfara og frá 1. október 2016 var hann í 50% stöðu. Vel gekk að ráða þjálfara nú í haust og samanstendur þjálfarahópurnin nú af blöndu reyndra og menntaðra þjálfara og yngri þjálfara sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun. Aðalsteinn Jóhann Friðriksson sem nú vinnur hörðum höndum að því að öðlast UEFA-A þjálfararéttindi og Jónas Halldór Friðriksson verða nú á ársráðningu og þá hefur verið samið við John Andrews til tveggja ára um þjálfun tveggja yngri flokka auk þjálfunar meistaraflokks kvenna. Jafnframt mun hann einnig sjá um styrktarþjálfun knattspyrnuíðkenda frá 4. flokki og upp úr. John er írskur þjálfari með UEFA-A réttindi og þjálfaði hann kvinnalið Aftureldingar um árabil. Nýir þjálfarar sem ráðnir hafa verið, a.m.k. til vors, hafa nú þegar lokið námskeiðum eða stefna á námskeið til að öðlast sín fyrstu knattspyrnuþjálfararéttindi. Þá á barna- unglíngaráð einnig í mjög góðu samstarfi við Jóhann Kristinn Gunnarsson þjálfara meistaraflokks karla. Við horfum því björtum augum til komandi árs og sjáum fram á skemmtilegt og gefandi barna- og unglíngastarf.

Ráðið hvetur foreldra og annað áhugafólk um knattspyrnu yngri flokka til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og styðja þannig ráðið í að gera umgjörð knattspyrnu yngri flokka sem besta.

Barna- og unglíngaráð óskar Völsungum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

3. flokkur karla

3.flokkur karla var fámennur þetta árið og voru bara 11 drengir að æfa. Þrátt fyrir það tókum við slaginn á öllum vígstöðum. Í febrúar fórum við á Stefnumót KA og enduðum við þar í 3 sæti eftir sigur á Þór. Það var mikið að gera hjá strákunum í sumar þeir voru skráðir í íslandsmót, bikarkeppni og svo farið til Svíþjóðar á Gotia cup. Í bikarkeppninni fórum við í undanúrslit eftir sannfærandi frammiðstöðu en duttum þar út fyrir KA eftir að hafa spilað 2 hörkuleiki við þá.

Íslandsmótið var mikið þússluspil en eins og fram hefur komið vorum við bara með 11 leikmenn og þurftum við því að treysta á yngri leikmenn til að halda úti liði einnig var stór partur strákanna að spila með 2 fl. Við enduðum í 4 sæti í okkar riðli og verður það að teljast fínt miðað við allt.

Rúsínan í pylsuendanum var svo Gothia cup í Svíþjóð sem við fórum á um miðjan júlí. Við spiluðum í 4 liða riðli þar sem 2 efstu liðið komast áfram í A-úrslit. Fyrsti leikurinn var á móti Dalkurd FF og var það hörkuleikur sem endaði 1-1. Næsti leikur var svo á móti TSV Altenholz og unnum við 1-0 með marki á síðustu mínúttunni. Síðasti leikurinn í riðlinum var úrslitaleikur við Karlstad BK um að komast í A-úrslit og dugaði jafntefli okkur til að fara áfram. Eftir að hafa lennt undir jöfnuðum við seint í leiknum og endaði leikurinn því 1-1. Þá var spilað í 64-liða úrslitum og spiluðum við á móti IFK Skövde FK og vorum sterkari aðilinn í leiknum en náðum ekki að skora og endaði leikurinn 0-0 og því þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni. Þar réðu taugarnar úrslitum og voru þær því miður ekki með okkur í liði og við því út úr mótinu. Frábært mót hjá strákunum sem dattu út úr mótinu án þess að tapa leik sem verður að teljast ansi gott afrek. Restin af ferðinni fór í Tívoli, verslunarferðir og fótboltaáhorf.

Þetta gríðarlega skemmtilega sumar er sumar sem strákarnir eiga eftir að muna alla sína ævi.

Takk fyrir mig fagmennirnir ykkar.

Alli Jói

3. flokkur kvenna

Knattspyrnuárið 2017 var viðburðaríkt fyrir stelpurnar í 3. flokki. Flokkurinn var fámennur og var því ákveðið í upphafi árs að þær myndu æfa og spila með meistaraflokk kvenna. Ásamt því tóku stelpurnar þátt í bikarkeppni með jafnöldrum sínum og stórglæsilegu Gothiacup sem haldið er í Gautaborg.

Stelpurnar tóku þátt í stefnumóti í byrjun febrúar og enduðu í 2. sæti. Næsta verkefni var með meistaraflokk í Lengjubikarnum. Þar léku stelpurnar stórt hlutverk og endaði liðið í 2. sæti síns riðils.

Í maí hófst 2. deild kvenna þar sem stelpurnar voru áberandi í liði meistaraflokks. Flokkurinn tók þátt í bikarkeppni eins og fram hefur komið. Unnu Tindastól en töpuðu gegn Þór í tveimur leikjum í undanúrslitum.

15. júlí var síðan haldið til Gautaborgar þar sem dvalið var í átta daga. Frábært mót í alla staði og veðrið eins og best verður á kosið og rúmlega það. Stelpurnar tóku þátt í u-16 ásamt 77 öðrum liðum. Þær voru í riðli 13 með Match Fit Academy frá Bandaríkjunum, FK Karlskrona og Storfors AIK frá Svíþjóð. Við höfum leik á móti Storfors þar sem stelpurnar stimpluðu sig rækilega til leiks og unnu 5-0 sigur. Daginn eftir var komið að Match Fit Academy sem voru með sterkt lið. Þeim leik töpuðum við 2-0 en áttum samt sem áður besta færi leiksins sem fór forgörðum. Síðasti leikur riðilsins var hreinn og beinn úrslitaleikur gegn Karlskrona um hvort liðið myndi komast í A-úrslit. Leikurinn var gríðarlega spennandi, stelpurnar okkar voru með tök á leiknum og fengu töluvert magn af færum en inn vildi boltinn ekki. Karlskrona náði hinsvegar að skora um miðjan seinni hálfleikinn og allt virtist stefna í sigur heimakvenna. Okkar stelpur sýndu hinsvegar mikinn karakter og gáfust aldrei upp. Í uppbótartíma fengum við vítaspyrnu sem Áslaug Munda skoraði úr og komumst við áfram í A-úrslit með síðustu spyrnu leiksins.

Í 32-liða úrslitunum mættum við Lambertseter frá Noregi. Leikurinn var nokkuð jafn til að byrja með en þegar fór að líða á fyrri hálfleikinn náðu Norðmennirnir undirtökunum í leiknum og voru komnir með 2-0 forystu áður en flautað var til hálfleiks. Í síðari hálfleik

gáfu stelpurnar allt sitt í leikinn og þegar yfir lauk höfðum við náð að skora þrjú mörk á norsku stelpurnar. Það var því miður ekki nóg að þessu sinni því leiknum lauk með 5-3 sigri Lambertseter. Stelpurnar gáfust aldrei upp og sýndu mikinn vilja og karakter til að reyna að jafna leikinn en norsku stelpurnar voru alltaf hálfu skrefi á undan. Stelpurnar okkar geta verið sáttar með sína frammistöðu á mótinu. Stelpurnar spiluðu flottan fótbolta á stórum köflum í mótinu og sýndu mikinn karakter þegar þær lentu undir og gáfust aldrei upp. Síðustu dagarnir voru síðan notaðir til að versla, fara í Liseberg og skoða Gautaborg. Mótið var frábært í alla staði og stóðu krakkarnir okkar sig virkilega vel bæði innan sem utan vallar og voru Völsungi og bæjarfélaginu til mikils sóma. Ég vil nota tækifærið og þakka stelpunum fyrir frábæra ferð á Gothitacup og um leið kasta fótbolta jólakveðjum á Völsunga nær og fjær.

**Jónas Halldór Friðriksson
Þjálfari 3. flokks kvk**

4. flokkur karla

Það voru 17 glaðvaskir strákar sem æfðu með 4. flokki á síðastliðnu ári. Við æfðum þrisvar sinnum í viku yfir vetrarmánuði og í fjögur skipti í viku yfir sumarið og tók ég eftir miklum framförum hjá hópnum, bæði í leik og framkomu. Við fórum á Stefnumót á Akureyri í mars sem heppnaðist bara nokkuð vel, allir að leggja sig mikið fram bæði innan og utan vallar.

Í lok maí hófst Íslandsmótið þar sem við vorum eitt af sex liðum í riðlinum sem spannaði allt Norðurland og Austurland, lá því fyrir að það yrði nokkuð um ferðalög hjá okkur. Íslandsmótið gekk ágætlega, byrjunin var erfið en mikill stígandi var um sumarið og allt annar bragur á liðinu í lok sumars.

Í lok júlí var farið til Reykjavíkur á Rey-cup sem er alþjóðlegt knattspyrnumót en þetta var annað árið í röð sem Völsungur sendir þangað lið eftir nokkurra ára hlé þar á undan.

Við vorum skráðir í keppni C-liða. Við byrjuðum á því að tapa fyrsta leik, en það var okkar eini tapleikur á mótinu og óx velgengnin eftir það, þrjár sigrar og tvö jafntefli. Liðið okkar endaði í 5. - 6. sæti og gaman er að segja frá því að liðið spilaði við bæði liðin sem spiluðu til úrslita á mótinu og vann sigurlið mótsins. Féllum við svo úr leik í 8-liða úrslitum eftir vítaspyrnukeppni við silfurlið mótsins. Heilt yfir því finn árangur á skemmtilegu móti sem vonandi verður farið oftar á.

Kveðja, Gunnar

4. flokkur kvenna

4. flokkur kvenna skipti um þjálfara á árinu eins og hvert annað stórlíð. Það kom þó ekki til sökuð slaks árangurs eins og hjá stórlíðunum úti í heimi. Unnar Þór þjálfaði stelpurnar til vors eða þangað til þær Keyla og Kristina mættu á svæðið og tóku við keflinu. Sáu þær um þjálfun liðsin fram í ágúst byrjun en þurftu þá að óviðráðanlegum orsökum að hverfa aftur til síns heima í Bandaríkjunum. Jana Björg leysti þann vanda sem kominn var upp eins og henni einni er lagið og kláraði tímabilið með stelpunum. Nei, árangurinn var þvert á móti alveg ágætur. 12 stelpur æfðu reglulega með flokknum sem tók þátt í Stefnumóti á Akureyri og hituðu þar upp fyrir átökin í Íslandsmóti sumarsins. Stefnumótið gekk mjög vel og lentu stelpurnar í 5. sæti. Árangurinn í Íslandsmótinu var jafnvel enn betri og niðurstaðan annað sæti í sínum riðli eftir harða baráttu við Einherja. Þá tóku stelpurnar einnig þátt í Rey-Cup í Reykjavík. Þar sem mótið skaraðist örlítið við knattspyrnskóla sem nokkrar þeirra tóku í þátt í var gripið til þess ráðs að fá lánaða leikmenn úr Haukum og kunnum við vinum okkar úr Haukum bestu þakkir fyrir liðlegheitin. Þar lentu okkar stelpur í 6. sæti. Merkja má mikinn áhuga hjá stelpunum og metnaður þeirra til að standa sig vel er augljós. Í þessum hópi er að finna framtíðarleikmenn í meistaraflokki félagsins og spennandi verður að fylgjast með framþróun þeirra á komandi árum.

Fyrir hönd foreldra, Jón Höskuldsson

5. flokkur karla

Í 5. flokki karla æfði 24 dregnir. Yfir vetrartíman æfðum við 3x í viku allt utandyra og svo þegar sumarið kom loksins bættum við við æfingu og æfðum 4x í viku. Í mars fórum við inn á Akureyri og tókum þátt í goðamóti Þórs. Þar vorum við með 2 lið skráð og spilaði hvort lið um sig 7 leiki. Mótið gekk mjög vel.

Í sumar vorum við svo skráðir með 2 lið í Íslandsmóti. Sú nýjung var þetta árið að nú var spilað 8 á móti 8 á hálfan völl. Í byrjun júlí var svo N1 mótið og þar vorum við með skráð 3 lið og gekk mótið mjög vel. Það var áberandi hvað Völsungar spiluðu léttleikandi og skemmtilegan fótbolta í sumar sem á eftir að nýtast þeim gríðarlega vel seinna meir á feringum.



5. flokkur kvenna

Það var fjölmennur og flottur hópur sem æfði í 5. flokki kvk á liðnu ári. Þegar mest lét voru 28 stelpur skráðar til æfingu og keppni. Þær höfðu óvenju marga þjálfara á árinu, fyrst voru það Alli Jói og Guðmundur Óli sem þjálfuðu þær en svo tóku Kristina og Kayla við þeim í apríl.

Það var nokkuð hefðbundið ár hjá þeim, farið var með þrjú lið á Goðamót á Akureyri og stóðu stelpurnar sig vel og sýndu framfarir.

Því næst tók við Íslandsmótið með leikjum hér og þar um norðurlandið, þar vorum við skráð með A og B lið til keppni. Stelpurnar sýndu mikinn og góðan stíganda í gegnum sumarið og bættu sig mikið í Íslandsmótinu.

Í júlí var svo farið á Síamamót í Kópavogi með þrjú lið og heppnaðist það mjög vel, eitt lið kom með bikar heim og annað tapaði naumlega í úrslitaleik í sínum styrkleikaflokki.



Alli Jói

Skemmtilegt og eftirminnilegt mót fyrir stelpurnar.

Það er alveg ljóst að ef þessar stelpur halda áfram að æfa svona margar að þá er framtíðin björt hjá meistaraflokki kvenna. Þær voru samviskusamar allt árið og bættu sig mjög mikið. Það er svo okkar fullorðna fólksins að hvetja þær áfram til dáða og styðja þær til frekari afreka.

Fyrir hönd þjálfara ársins, Unnar Þór Garðarsson

6. flokkur karla

Í 6. flokki karla æfðu í kringum 15 strákar fótbolta á Húsavík í vetur og sumar. Yfir vetrarmánuðina var æft úti í allskonar veðrum og ef mig misminnir ekki féllu aðeins niður 2-3 æfingar. Alltaf mættu strákarnir, sama hvernig viðraði, og lítið sem ekkert kvartað yfir veðri. Það var helst þjálfarinn sem kvartaði yfir kuldanum. Æfingar voru þrisvar sinnum í viku yfir veturinn og fjórum sinnum í viku yfir sumartímann. Við fórum með tvö lið á Goðamót Þórs í Boganum í mars og stóðu strákarnir sig gríðarlega vel. Svo tóku við dagsmót og sumarið var toppað á Sauðárkróki sem mér persónulega fannst skemmtilegast. Þangað fórum við með þrjú lið og uppleggið var skemmtilegur og árangursríkur fótbolta sem mér fannst takast vel. Sumrinu var svo lokað hér heima á skemmtilegur móti.

Lærdómsríkt fyrsta ár sem þjálfari og langar mig að þakka strákunum fyrir sumarið, vonandi lærðu þeir jafn mikið og ég.

Guðmundur Óli

6. flokkur kvenna.

Stelpurnar í 6. flokki kvenna höfðu marga þjálfara á síðasta tímabili. Aðalsteinn Jóhann var með þær fram yfir áramót. Þá tók Guðmundur Óli við þeim og var með þær fram á vor þar til bandarísku þjálfararnir Kayla og Kristina tóku við þeim. Þær voru með þær megnið af sumrinu en þurftu að fara til síns heima í byrjun ágúst og þá kláruðu Ingvar Berg og Guðni Braga. tímabilið með þeim.

Flokkurinn sendi tvö lið til keppni á Goðamót Þórs í mars. Liðin stóðu sig vel og náðu öðru og sjöunda sæti í sínum riðlum.

Farið með tvö lið á Landsbankamótið á Sauðárkróki í júní. Þar stóðu stelpurnar sig einnig vel og urðu liðin í öðru og sjötta sæti.

Einnig var farið á Hnátumót KSÍ sem var á Akureyri í júní og sumarið var svo klárað á Curio mótinu hér á Húsavík í ágúst.

Þetta er liflegur og skemmtilegur hópur og miklar framfarir hafa orðið hjá þeim. Vonandi halda þær áfram að vera duglegar að æfa og verða framtíðar knattspyrnukonur.

Fyrir hönd þjálfara, Sóley

7. flokkur karla og kvenna

Það voru um 40 hressir krakkar sem æfðu í 7. flokki á líðandi ári og voru kynjahlutföllin nánast jöfn. Það var alltaf líf og fjör, bæði í æfingum og leikjum en einnig í samræðu í kringum og á æfingum.

Árið 2016 endaði ekki vel því við þurftum að fresta för á mót á Akureyri vegna ófærðar og því voru það mjög keppnisþyrst börn sem tóku þátt í fyrsta móti ársins í Boganum á Akureyri í maí, eftir langa bið.

Í sumar fórum við svo á dagsmót í Fellabæ sem varð mjög nærri því að verða sundboltamót vegna ausandi vatnsveðurs.

Farið var á Strandamót að vanda og þar sýndi sig hvað foreldrar eru mikilvægir í svona hópum því þeir tóku liðin að sér og stjórnuðu í fjarveru minni.

Við enduðum svo sumarið hér á heimavelli á velheppnuðu Curio-móti þar sem leikgleðin og ákveðnin skein í gegn hjá öllum leikmönnum þrátt fyrir að úrslitin hafi ekki alltaf verið eins og leikmenn vonuðust til.

Stórskemmtilegur og krefjandi hópur sem á vonandi eftir að láta ljós sitt skína svo um munar í framtíðinni, sérstaklega ef þau taka hindranir og mótlæti á vellinum sem tækifæri til að bæta sig bæði sem leikmenn og persónur.

Boltakveðja, Unnar Þór

8 flokkur karla og kvenna

Í áttunda flokki æfðu saman strákar og stelpur og var fjöldinn á æfingum allt frá fimm upp í tuttugu. Um veturinn æfðum við inni í höllinni en færðum við okkur síðan út á grasið. Fengum við meira segja að æfa á stóra vellinum eins og meistaraflokkarnir sem vakti mikla lukku hjá krökkunum, þó að sumir hafi fengið smá viðáttubrjálæðiá fyrstu æfingu. Krakkarnir fóru síðan á þrjú mót í sumar. Fyrst var förinni heitið til Akureyrar á Stefnumót, síðan skelltum við okkur á Árskógsströnd á Strandarmótið og sumarið endaði á Curio mótinu á Húsavík.

Við þjálfararnir þökkum fótboltasníllingunum okkar fyrir frábært sumar og hlökkum til að fylgjast með þeim á vellinum í framtíðinni.

Jana Björg, Særún Anna og Áslaug Munda.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



HÁRIÐJAN
ELLA

Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Sig Illugason
Málakameistari - Sími: 8942707

Grímur vélsmiðja
óskar öllum Völsungum
nær og fjær
gleðilegra jóla.



Óskum íbúum Norður-
þings og Völsungum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum
fyrir viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Garðvík ehf.

Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin
á liðnu ári.



JÓNASSON
RAFMAGNSVERKSTÆÐI

Óskum Húsvíkingum
og Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Garðarshólmi
1961

Okkar bestu óskir
um gleðileg jól
og farsælt nýtt ár
Þökkum það liðna



Starfsfólk Bílaleigu Húsavíkur

b **BÍLALEIGA HÚSAVIKUR**
Garðarsbraut 66 • Húsavík

Óskum viðskiptavinum
okkar og Húsvíkingum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi
ári með þökk fyrir árið
sem er að líða.




VERMIR s.f.
Pípulágnir



Gleðileg jól og farsælt komandi ár

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.



pwC

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Hvolsvöllur | Selfoss | Reykjanesbær

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi.



Fimleikar

Fimleikdeild Völsungs

Á þessu hausti voru liðin 30 ár frá því Guðrún Kristinsdóttir stofnaði Fimleikadeild Völsungs. Hún var þjálfari við deildina frá upphafi og þangað til í vor en hefur auk þess verið öflugur stjórmaður. Verður henni seint fullþakkað þá miklu vinnu sem hún hefur lagt á sig frá stofnun deildarinnar.

Frá upphafi hafa tugir barna æft fimleika á hverjum vetri, ýmist í áhaldafimleikum eða trompfimleikum. Hefur fjöldi barna farið yfir áttatíu þegar mest var en síðustu ár hafa yfirleitt milli 50 og 60 börn að jafnaði lagt stund á fimleika og eru nú um 60. Í vetur er hluti barna í áhaldafimleikum og hluti í trompfimleikum (trampólinstökk, hestur og dans). Einkum eru það yngri börnin (stelpurnar) sem eru í áhaldafimleikum og þau eldri í hópfimleikum. Ekki eru til þau áhöld sem þarf fyrir stráka til að stunda áhaldafimleika og er það til marks um að í litlu fimleikafélagi sem þessu eru aðstæður þ.e. tæki, áhöld og æfingartími langt frá því sem best gerist hjá stærri fimleikafélögum sem hafa jafnvel sitt eigið hús þar sem aldrei þarf að leggja vinnu í að taka út búnað fyrir hvern tíma eins og þjálfarar og iðkendur gera hér með bros á vör.

Töluvert af búnaði fimleikadeildarinnar er orðinn úr sér genginn og kominn tími á endurnýjun og viðbætur í takt við tímann. Fjármögnun til kaupa á fimleikataekjum verða því helstu verkefni stjórnar á næstunni en þessi búnaður er dýr og hefur í gegn um tíðina verið safnað fyrir honum af iðkendum með dyggum stuðningi foreldra.

Þátttaka í mótum hefur ekki verið mikil síðustu ár enda lítið um mót sem henta minni félögum. Aftur á móti höfum við farið með eldri krakkana í æfingabúðir til Ollerup í Danmörku annað hvert ár. Ætlunin var að fara næsta sumar en því miður verður ekki af því þar sem við urðum undir í samkeppni um plássin. En við munum líta í kring um okkur og reyna að komast í æfingabúðir innan- eða utanlands auk þess sem við munum fá að fara á nokkrar æfingar inn á Akureyri, njóta hinnar frábæru aðstöðu FIMAK við Giljaskóla.

Þjálfarar í vetur eru Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir, Sigrún Lilja Sigurðardóttir, Emeliana Brynjúlfsdóttir, Ruth Þórarinsdóttir, Agnes Jóakimsdóttir, Ríkey Sigurgeirsdóttir og Elín Anna Óladóttir. Í nóvember barst okkur svo liðsauki alla leið frá Portúgal en Iolanda Filipa Simões Fernandes er nýflutt til Húsavíkur frá Portúgal en hún hefur æft og þjálfað fimleika frá unga aldri og ætlar að vera okkur innan handar með æfingar og þjálfun.

Fastir liðir í starfsemi fimleikadeildarinnar eru jóla- og vorsýningar en í vor var ákveðið að hafa innanfélagsmót að vori, mæltist það vel fyrir og verður því haldið áfram á þeirri braut.

Það er von okkar að fimleikadeildin nái hér eftir sem hingað til að halda velli og dafna sem ein af deildum Völsungs. Miðað við mannfjölda getum við verið stolt af þeirri fjölbreytni sem ríkir innan félagsins og stuðlar að því að hver og einn finni grein við sitt hæfi og áhugasvið.



**Með jóla- og nýárskveðjum fyrir hönd fimleikadeildar,
Kristjana Ríkey Magnúsdóttir**

Óskum viðskiptavinum
og samstarfsaðilum okkar
gledilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin.



NORÐLENSKA



Gledileg jól

— KEA óskar félagsmönnum
sem og samstarfsaðilum sínum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári



KEA



*SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM,
VELUNNURUM
OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM
GLÆDILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.*

*SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA.*



**KRAMBÚÐIN SENDIR
VIÐSKIPTAVINUM SÍNUM
BESTU JÓLA- OG
NÝÁRSKVEÐJUR
OG ÞAKKAR VIÐSKIPTIN
Á ÁRINU.**

OPNUNARTÍMAR YFIR HÁTÍÐIRNAR
ÞORLÁKSMESSA 9-22
AÐFANGADAGUR 9-16
JÓLADAGUR LOKAÐ
ANNAR Í JÓLUM 12-18
GAMLÁRSDAGUR 9-16
NÝÁRSDAGUR LOKAÐ

Krambúð



FYRIR SVANGA Á FERÐ

EL RENO OSTBORGARI OG FRANSKAR **VERÐ: 1.299 KR.**



VIÐ ERUM Á OLÍS

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

STYKKISHÓLMI
SKAGASTRÖND
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
REYÐARFIRÐI

NESKAUPSTAÐ
HELLU

SELFOSSI
HÚSAVÍK

GRILL66.IS





RELAX
ENJOY
EXPERIENCE
naturebaths.is



MYVATN NATURE BATHS

Handbolti

Handknattleiksdeild Völsungs var með starfandi þrjá flokka á árinu en það var 7. flokkur(3. og 4 .bekkur) fyrir stelpur og stráka, 8. flokkur (1. og 2. .bekkur) fyrir stelpur og stráka og síðan 4 .flokkur karla.

Keppt var á Íslandsmótinu í 4 .flokki og síðan komum við í handknattleiksráði á í samstarfi við Þór, KA og HSÍ, Norðurlandsmótaröð í 7. og 8. flokki.

8. flokkur (stelpur og strákar fædd 2010 & 2011)

Við byrjuðum með góðan hóp af krökkum í fyrsta bekk 2016 sem síðan hafa haldið áfram. Þau eru hress og skemmtilegur hópur sem fór á sitt fyrsta mót í handbolta í lok janúar 2017 í Norðurlandsmótaröðinni hjá KA í KA-heimilinu. Þau stóðu sig með þryði og var hrósað í bak og fyrir bæði af þjálfurum og foreldrum í sínu liði jafnt og í KA og Þór. Síðan 29.apríl 2017, héldum við 90 ára afmælistót Völsungs í Norðurlandsmótaröðinni, það gekk mjög vel og eftir mótið var síðan skemmtun með þáttakendum. Þessi hópur hefur tekið miklum framförum á árinu og kom sterkur til leiks aftur í haust. Þeim hefur fjölgað og það er alltaf líf og fjör á æfingum. Farið var á fyrsta mót vetrarins 19. nóvember hjá Þór í Íþróttahöllinni. Þar stóð hópurinn sig frábærlega, sýndi og sannaði að þetta eru upprennandi handboltastjörnur.

Æfingar eru á mánudögum og miðvikudögum kl.14:00. Það er alltaf í boði að koma og prófa æfingar. :)

7. flokkur (strákar og stelpur fædd 2009, 2008 & 2007)

Við byrjuðum árið 2017 með góðan hóp úr 3. og 4. bekk, það gekk mjög vel á æfingum og við fórum með 8.flokk á Norðurlandsmótið sem KA hélt í KA-heimilinu og þar stóðu sig allir frábærlega. Frammistaðan og framfarirnar hjá okkar krökkum voru magnaðar að sjá. Krakkarnir héldu áfram að sýna hvað í þeim bjó á mótinu sem við héldum í tilefni 90 ára afmæli Völsungs og eftir mótið var skemmtun með þáttakendum.

Æfingar eru á mánudögum og miðvikudögum kl.15:00. Það er alltaf í boði að koma og prófa æfingar. :)

4. flokkur (strákar fæddir 2002, 2001 og 2000)

Í byrjun ársins 2017 voru um níu strákar að æfa handbolta með Völsungi. Mikið álag hafði verið fyrir áramót og þar af leiðandi dattu nokkrir í meiðsli. Eftir áramót áttum við eftir nokkra leiki í Íslandsmótinu. Við fórum inn á Akureyri um miðjan janúar og lékum í KA-heimilinu við Selfoss. Næsti leikur sem við áttum var í febrúar við Val, síðan var heimaleikur í mars við Víking sem endaði á að við náðum okkur í tvö stig. Þar á eftir var það leikur við Stjörnuna hérna heima í byrjun apríl sem var síðasti leikur tímabilsins og hjá strákunum saman sem lið. Auðvitað enduðu þeir tímabilið með sigri.

Þessir strákar eru frábærar fyrirmyndir, þeir gerðu sér lítið fyrir og dæmdu á mótinu sem við héldum í Norðurlandsmótaröðinni í tilefni af 90 ára afmæli Völsungs.

Það væri frábært ef þessi hópur myndi halda áfram og í framhaldinu væri hægt að halda úti handbolta fyrir fullorðna.



8. FLOKKUR Á NORÐURLANDSMÓTI ÞÓRS 19. NÓVEMBER 2107



SIGURHÁTÍÐ HJÁ 7. OG 8. FLOKKI 29. APRÍL 2017



4. FLOKKUR KARLA 2016 – 2017

Takk fyrir samstarfið á árinu :) Jólakveðja, fyrir hönd Handknattleiksdeild Völsungs, Heiða Elín

Óskum öllum Völsungum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Flugfélagið Ernir óskar Völsungum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs



Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

STEINSTEYPIR



Óskum viðskiptavinum okkar og öðrum Þingeyingum Gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin

viðbót
kjötvinnsla



Óskum öllum Völsungum til sjávar og sveita gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnu ári.

464 1500 • info@gentlegiants.is • www.gentlegiants.is





GLEÐILEG JÓL

MEGI NÝTT ÁR FÆRA YKKUR NÝ ÆVINTÝRI



NORÐURSIGLING
SÍÐAN 1995

GAMLI
BAUKUR

HVALBAKUR

Sveitarfélagið Norðurþing óskar Völsungum
og landsmönnum öllum
bjartrar framtíðar,
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Þökkum samskiptin á liðnum árum.



NORÐURÞING

Sund

Sundárið 2017

Sundárið byrjaði með hefbundnu sniði, æfingar voru í boði bæði á Laugum tvisvar í viku og á Húsavík tvisvar í viku fyrir yngri hóp en eldri hópurinn æfir allt að fjórum sinnum í viku.

Mótin sem við fórum á eru:

KR í Reykjavík í febrúar, Páskamót á Húsavík í mars, Akranesleikana í júní, A.M.I. í júní í Reykjavík, 17 júnímót á Húsavík, Sprengimót Óðins á Akureyri í september, Extramót SH í Hafnarfirði í október og héraðsmót HSP á Laugum í október.

Hvatningarverðlaun Völsungs hlutu þau Elsa Dögg Stefánsdóttir og Styrmir Franz Snorrason og hvatningarverðlaun HSP hlaut Dagbjört Lilja Danielsdóttir. Fjórir frá Völsungi kepptu í sundi á Unglingalandsmótinu sem fram fór á



Egilsstöðum um verslunarmannahelgina og fengu samtals fjögur brons, eitt silfur og tvö gull. Boðsundsveit frá HSP fékk líka 1 silfur og 1 brons.

Í júní buðum við upp á leikskólasund eins og við höfðum gert árið áður og tóku 40 börn þátt í því.

Haustið byrjaði á svipuðum nótum, héraðsmótið okkar var haldið laugardaginn 21. október þar tóku 25 börn þátt. Keppendur komu frá Völsungi, Eflingu, Geisla og Mývetningi og stóðu krakkarnir sig frábærlega vel, Völsungur vann stigakeppnina. Stigahæst í kvennaflokki var Dagbjört Lilja Danielsdóttir frá Völsungi og í karlaflokki var það Styrmir Franz Snorrason frá Geisla sem var stigahæstur.

Verðlaunaafhending fyrir héraðsmótið var haldin á Húsavík 7. nóvember, þar mættu foreldrar og börn, rúmlega 50 manns, borðuðu saman pizzu og skemmtu sér ásamt þjálfurum sínum.

Þjálfarar eru: Árný Björnsdóttir, Valgerður Jósefsdóttir, Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir og Henný Birgitta Kristjánsdóttir.

Í stjórn sunddeildarinnar eru: Árný Björnsdóttir, Elísabet Sigurðardóttir, Valgerður Jósefsdóttir og Margrét Þórhallsdóttir.

Að lokum viljum við hjá sunddeildinni óska öllum þjálfurum, iðkendum sem og öllum þingeyingum, gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs.

**Fyrir hönd Sunddeildar Völsungs og Sundnefndar HSP
Elísabet Sigurðardóttir**



Óskum Völsungum
og Húsavíkingum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári
með þökk fyrir árið sem er að líða



Trésmiðjan Rein ehf

ÍPRÓTTASKÓLI VÖLSUNGS

Íþróttaskóli Völsungs hóf göngu sína laugardaginn 16. september og taldi 10 skipti fram að áramótum. Líkt og undanfarin ár hefur skólanum verið skipt upp í tvo hópa, fyrir eldri og yngri börn. Yngri hópurinn, fæddur 2014 og 2015 og eldri hópurinn 2012 og 2013. Í ár eru umsjónarmenn skólans Guðrún Einarsdóttir og Ísak Már Aðalsteinsson, en stúlkur úr öðrum flokki í blaki hafa verið þeim innan handar.

Mætingin í haust hefur verið góð en um 18 börn sóttu hvorn hópinn að meðaltali. Við höfum mikið unnið með mismunandi áhöld og leiki, en vinsælast er að sjálfsögðu trampólínið og fallhlífín. Foreldrar eru duglegir að taka þátt í æfingum og leikjum og í lok hvers tíma fá börnin með sér mynd heim til að lita.

Eftir áramót mun Íþróttaskólinn halda áfram með sama sniði, en ekki er þó búið að staðfesta dagsetningarnar. Við óskum ykkur gleðilegra jóla og þökkum liðið ár, vonumst til þess að sjá ykkur sem flest á nýju ári!



**Jólaakveðja,
Guðrún og Ísak.**

Bardagaiþróttadeild

Taekwondo deildin hefur tæplega 20 iðkendur. Árið hjá okkur hefur gengið vel. Beltaprófin okkar eru tvisvar á árin og erum við komin með nokkra einstaklinga sem eru farnir að kenna og hafa létt á kennslu. Með þessu móti getum við byrjað með stóran byrjendahóp á nýju ári. Í október fórum við á okkar fyrstu mótarið, þetta er mótarið á vegum TaeKwonDo Akademiunnar mótin verða fimm talsins í vetur. Alls mættu fjórir keppendur frá Völsungi þar sem keppt var í bardaga, tækni og þrautabrot. Í nóvember bauðst okkur að mæta í æfingabúðir með tveimur af sterkustu Taekwondo keppendum heims. Í byrjun þessa árs fengum við rausnarlegan styrk frá LadieCircle klúbbi Húsavíkur sem mun nýtast við koma upp betri æfingabúnaði og þökkum við þeim kærlega fyrir og munum bjóða þeim á nýju ári í heimsókn til okkar á æfingu. Á árinu 2018 stefnum við að mæta á okkar fyrsta Íslandsmót.



Trausti Már Valgeirsson, yfirkennari bardagaiþróttadeildarinnar

Óskum viðskiptavinum okkar og öðrum þingeyingum gleðilegra jóla og farsælds komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.



Skorum með þrumuskotum á nýju ári.



**Jólagjöf
veiðimannsins**

Gleðileg jól farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Starfsfólk ÍSNET óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Blak

Blakdeild Völsungs

Að venju hófst starfsár Blakdeildar Völsungs með hinu árlega Nýársmóti okkar í blaki, fyrstu helgina í janúar. Tæplega 50 lið tóku þátt og þurftum við því einnig að nýta íþróttahúsið á Laugum fyrir hluta mótsins. Starfinu er fylgt eftir með þátttöku í hraðmótum á Norðurlandi yfir veturinn og samkvæmt venju enda öldungar vetrarstarfið sitt á Öldungamóti BLÍ. Að þessu sinni var það haldið í Mosfellsbæ og kepptu þar tvö karlalið og fimm kvennalið undir nafni Völsungs.

Yngri flokkarnir okkar tóku þátt í Íslandsmóti og bikarmóti. 3. flokkur fór á bikarmót í Kópavogi og á Íslandsmót á Neskaupstað og varð þar í 1. -2. sæti. Í mars hélt Völsungur landshlutamót fyrir Austur- og Norðurland fyrir 4.-6. flokk. Öllum Völsungslíðunum gekk vel og náðu verðlaunasæti í öllum flokkum.

Yfirþjálfari blakdeildar á vorönn var Lorenzo Ciancio en ásamt honum þjálfuðu Sladjana Smiljanic og Jóhanna Guðjónsdóttir. Í yngri flokkum voru þjálfarar Lúðvík Kristinsson, Guðrún Eiríksdóttir og Erla Bjarnadóttir.

Starf blakdeildarinnar er mjög öflugt um þessar mundir. Deildin teflir fram líkt og í fyrra, kvennaliði í úrvaldsdeilinni í blaki, Mizunodeild, sem byggt er upp á mjög blönduðum hópi. Allt frá gömlum og góðum reynsluboltum sem og ungum stelpum sem svo sannarlega koma sterkar inn í þennan hóp. Þjálfari úrvaldsdeildarliðsins er Sladjana Smiljanic, spilandi leikmaður og yfirþjálfari blakdeildarinnar. Í neðri deildum spila fjögur Völsungslíð. Tvö kvennalið keppa í 3. og 5. deild og tvö karlalið í samvinnu við UMF. Eflingu, í 2. og 3. deild karla. Einni umferð af þremur er þegar lokið með góðum árangri allra liða. Einnig taka tvö kvennalið þátt í bikarkeppninni, eða Kjörisbikarnum. Völsungur B lið kvenna komst áfram úr fyrstu umferð en úrvaldsdeildarlið kvenna situr enn hjá.

Sladjana Smiljanic sér einnig um þjálfun þessara liða og henni til aðstoðar eru Bjarni Páll Vilhjálmsson og Sveinn Hreinsson.

Öldungablakið er sem fyrr í fullum gangi og auk þess að taka þátt í Íslandsmóti höldum við áfram að taka þátt í þeim hraðmótum sem í boði eru á Norðurlandi. Völsungur teflir nú fram liði í 2. flokki kvenna. Þetta eru stelpur fæddar 1999 - 225 sem eru að keppa á móti sterkum liðum og vaxandi leikreynsla og árangur hefur náðst með hverjum leik.

Yngri flokka starfið er öflugt og æfa um 35 krakkar í 2. - 6. flokki. Allir flokkar utan 6. flokks, keppa á Íslandsmeistaramóti en 6. flokkur keppir á skemmtimóti.

Í október hélt Völsungur Íslandsmót fyrir 3.-4. flokk. 22 lið víðsvegar af landinu, kepptu hér helgina 27. -28. október ásamt því að þeir leikir í 2. flokki kvenna voru spilaðir. Góður árangur náðist hjá Völsungi og varð 3. flokkur Völsungs í 1. sæti í sinni deild. Almenn ánægja var með mótshaldið og vill blakdeild Völsungs koma á framfæri kærri þakklæti til Norðlenska, Nettó, Heimabakarís, Norðurbings og Borgarhólsskóla fyrir ómetanlegan stuðning, sem og öllum þeim einstaklingum sem unnu óeigingjarnt starf, sem er ein af aðalforsendum að Völsungur haldi slík mót.

Í nóvember fóru héðan 11 krakkar úr 5. og 6. flokki til Reykjavíkur í keppnisferð. Þar tók 5. flokkur þátt í Íslandsmóti en 6. flokkur spilaði á skemmtimóti. Stóðu krakkarnir sig vel, innan vallar sem utan og sýndu mikla baráttu í hverjum leik. Þjálfarar yngri flokka eru Sladjana Smiljanic, Ísak Már Aðalsteinsson, Lúðvík Kristinsson, Guðrún Eiríksdóttir, Arney Kjartansdóttir og Erla Bjarnadóttir.

Næsta verkefni blakdeildar Völsungs er Nýársmótið okkar í blaki sem fram fer fyrstu helgi janúar- mánaðar, þar sem hátt í 50 lið af Norður- og Austurlandi munu taka þátt.

**F.h. blakdeildar Völsungs,
Erla Bjarnadóttir**



Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum

ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF EHF
RAFVERKTAÐAR - VERSLUN - HÚSAVÍK
SÍMI: 464-1600 - WWW.VIKURRAF.IS

Óskum öllum Völsungum
til sjávar og sveita
gleðilegra jóla
og farsældar
á komandi ári.



Þökkum samskiptin á liðnu ári.



ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR

Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.




SJÓVÁ



Jóla kvæðja

*Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum
og fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

*Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Þingið*



HÁTÍÐ LJÓSS OG FRÍÐAR

VÍS óskar landsmönnum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs.

vís

Bandy

Það má með sanni segja að árið 2017 hafi verið mjög viðburðaríkt fyrir nýstofnaða bandýdeild Völsungs. Í febrúar síðastliðnum hófum við tilraunir með að opna bandýttíma eftir að hafa fengið kylfur og annan búnað að gjöf frá Íþróttasjóði ríkisins. Tímarnir gengu framar vonum. Alltaf bættist í iðkendahópin og eru nú um 25 virkir bandýiðkendir á Húsavík. Bandy íþróttina þekkja margir úr grunnskóla þar sem oft var spilað einföld útgáfa af íþróttinni. Það er þó kannski þörf á því að kynna hana fyrir hinum sem ekki þekkja til. Fullskipað bandýlið samanstendur af fimm útileikmönnum og einum markmanni. Spilað er á velli sem er afmarkaður með böttum og notast við tvö lítil mörk. Allir útileikmenn hafa kylfu sem þeir nota til að rekja, senda og skjóta. Markmið leiksins er einfalt, að skora fleiri mörk en andstæðingurinn. Í maí síðastliðnum fór bandýdeild Völsungs á sitt fyrsta mót í Reykjavík og var árangurinn fjórða sæti af átta liðum. Við tókum þátt í fyrstu umferð bikarmeistaramótsins nú í vetur og verður gaman að fylgja því verkefni eftir á nýju ári. Þar sem flestir iðkendir eru að stíga sín fyrstu skref í bandý íþróttinni og bandý sem íþróttagrein nýtur sívaxandi vinsælda er gaman að fá að vera hluti af þeim vexti. Árið 2016 voru bikarmeistara- og Íslandsmeistaramót í bandý endurvakin og íslenskt bandýlandslið tók þátt í sínu fyrsta stórmóti og stefnir á þátttöku í undankeppni heimsmeistaramótsins árið 2018. Framundan eru því mjög spennandi tímar fyrir bandýiðkendir á Íslandi og mörg tækifæri. Við vonumst eftir auknum vexti á næsta ári og erum alltaf tilbúnir að taka á móti nýju fólki sem hefur áhuga á því að kynna sér íþróttina. 2017 var gott ár en við reiknum með að 2018 verði ennþá betra.

Skokki

Hlaupahópurinn Skokki – Húsavík

Hlaupahópurinn Skokki var stofnaður 13. febrúar 2010. Stofnendur höfðu stundað hlaup um nokkurt skeið og ákváðu því að stofna til samæfinga.

Jafnt og þétt hefur iðkendum fjölgað og með árunum hefur byggst upp mikil þekking og reynsla á hlaupaíþróttinni og hlaupum sem heilsuþætandi kosti fyrir andlega og líkamlega líðan. Árið 2016 varð Skokki hluti af almenningsíþróttadeild Völsungs og hefur unnið markvisst í samvinnu við félagið síðan.

Æfingarsvæði Skokka er að mestu á og við Húsavík, á vegum, slóðum og stígum. Facebook síða hópsins er stútfull af myndum og frásögnum úr hlaupum síðustu ára.

Fastir liðir í starfsemi Skokka eru:

- Laugardagshlaupin, kl. 10:00 (lengra/rólegra) frá Sundlaug Húsavíkur. Algeng vegalend 10-20 km.
- Þriðjudagsprettæfingar, kl. 18:00 (sprettir/hraðabreytingar/tempó) á íþróttavellinum á Húsavík.

Öllum er velkomið að mæta á æfingu. Hlaupalengd og hraði er eins og hverjum hentar. Engin æfingagjöld eru innheimt í hópnum.

Hlaupahópurinn Skokki og Völsungur komu að framkvæmd fjögurra almenningshlaupa árinu. Hæst bar ef til vill Botnsvatnshlaup Landsbankans, sem haldið var á Mærudögum. Þann 21. júní síðastliðinn var Sumarsólstöðuhlaup Völsungs haldið í fyrsta sinn. Tókst hlaupið með ágætum þrátt fyrir að lítið færi fyrir sólinni. Kvennahlaup ÍSÍ var einnig haldið í júní og gekk vel að vanda. Gamlárshlaup Skokka verður svo haldið á gamlársmorgun. Í boði verða 3 km, 5 km og 10 km hringir um Húsavík.

Hlaupahópurinn fór í sína þriðju hópferð erlendis í haust. Nú voru það götur Amsterdam sem fengu að finna fyrir því en áður var búið að fara til Berlínar (2013) og Parísar (2015). Fjórir meðlimir hlupu maraþon og einn hálfmaraþon. Allir stóðu sig vel en hæst bar þó framúrskarandi árangur Önnu Halldóru Ágústsdóttur sem var að þreyta sitt fyrsta maraþon. Hún hljóp kílómetrana 42,2 á tímanum 3:16:31 sem reyndist næstbesti tími ársins meðal íslenskra kvenna.

Skokkafélagar voru einnig duglegir innanlands á árinu. Í júlí fóru níu hlauparar á vegum Skokka í Dyrfjallahlaupið á Borgarfirði eystri. Hlaupið reyndist gríðarleg þrekaun en jafnframt skemmtilegt. Var hitinn yfir 20 stig hit og logn þar að auki.

Þá átti Skokki nokkra fulltrúa í Mývatnsmaraþoni, Reykjavíkurmaraþoni og Súlnur Vertical svo eitthvað sé nefnt. Óhætt er að segja að mikil gróska sé í starfinu og ekkert gefið eftir enda þótt meðalaldurinn sé vel yfir þrítugt!

Skíðaganga

Skíðagönguvertíðin síðasta vetur hófst um miðjan janúar. Þrátt fyrir snjóléttan vetur tókst að halda góðri göngubraut á heiðinni alveg fram í maí. Troðið var reglulega þegar veður og aðstæður leyfðu.

Ekki tókst okkur að halda okkar árlegu Íslandgöngu, sem átti að vera um miðjan apríl, vegna veðurs. Göngumenn úr okkar röðum fóru þó og gengu í Íslandgöngum annarsstaðar á landinu, í Reykjavík, Hólmavík, Akureyri og Ísafirði. Húsvíkingar áttu svo nokkra krakka sem tóku þátt í Andrésar Andar leikunum á Akureyri með góðum árangri eins og undan farin ár.

Enn er verið að bæta húsakostinn á heiðinni því á haustdögum var skipt út öðru húsinu okkar og sett í staðinn mikið stærra og betra hús, í því húsi er meiningin meðal annars að koma upp góðri áburðar aðstöðu.

Þegar þetta er ritað í byrjun desember er troðarinn kominn upp á heiði og byrjað er að troða göngubraut. Viljum hvetja fólk að mæta upp eftir og nýta sér þessar frábæru aðstæður sem við höfum hér til gönguskíða iðkunnar.

Íslandsgangan hér á Húsavík 2018 hefur svo verið sett á 14. apríl. Við viljum líka hvetja fólk til að taka þátt í henni, Íslandsgangan er almennings ganga og eru brautir hér lagðar með það í huga og einnig eru vegalengdir sem allir ættu að ráða við.

GJAFAKORT ÍSLANDBANKA

GEFST ALLTAF VEL

Gjafakort Íslandsbanka gefst alltaf vel, hvað sem er á óskalistanum. Kortið gildir í verslunum og á netinu, rétt eins og önnur greiðslukort. Það kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í öllum útibúum okkar. Þú þarft í raun ekkert að gera annað en að velja upphæðina.

islandsbanki.is/gjafakort



Sumarskóli Völsungs

Sumarskólinn sumarið 2017 var sex vikna langur. Hann hófst 12. júní og honum lauk 21. júlí. Í hverri viku voru um 20-30 börn á fædd á árunum 2006 til 2010. Sex unglingar 14-15 ára unnu við skólann sem aðstoðarfólk. Í hverri viku kom nýr hópur barna. Dagskrá hverrar viku hófst á kynningu og hópeflisleikjum til þess að börnin gætu kynnst hvert öðru og liði vel í kringum hvert annað. Mikið var lagt upp úr því að börnin hefðu næg verkefni, en á sama tíma lærðu þau ýmislegt um náttúruna, skyndihjálp, íþróttir og hreyfingu og hópavinnu.

Farið var í göngutúra um skóginn, þar sem farið var í leiki, rætt um plöntur og dýr, grillaðir sykarpúðar og safnað steinum, sem voru svo málaðir næsta dag. Farið var í víkingaleiki, farið á hestbak og sérstaklega skemmtilegt var þegar farið var að gullfiskatjörninni til að veiða fiska. Krökkunum fannst skemmtilegast í hópeflisleikjum og í þrautum og verkefnum þar sem reyndi á að leysa sem hópur, frekar en hvert í sínu lagi. Síðasti hópur sumarsins fékk svo að fara í heimsókn á hvalasafnið og í gönguferð um fjöruna, sem vakti mikla lukku.

Niðurstaðan er að skólinn var bæði skemmtilegur og lærdómsríkur fyrir krakkana. Sum börnin komu jafnvel oftar en einu sinni á vikunámskeið og börn utan Húsavíkur sóttu jafnvel skólann.

Í lok sumars bauð svo Völsungur krökkunum og foreldrum þeirra til grillveislu.

Við hlökkum til að hitta krakkana aftur næsta sumar og vonum að sem flestir bjóði vinum sínum með í skólann.



**Fyrir hönd sumarskólans,
Sladjana Smiljanic, umsjónarmaður sumarskóla Völsungs**



PÓSTURINN

Pósturinn óskar Völsungi og velunnurum félagsins jólakveðjur, með þökk fyrir árið sem er að líða.



nettó

Sparaðu með okkur



www.netto.is

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík
Höfn · Íðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Ísafjörður



JAKO



www.jakosport.is


**Völsungsvörurnar frá JAKO
fást í Skóbúð Húsavíkur**

*Heimabakarí
óskar
Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla*



**JÓLAKVEÐJA
HÚSASMÍÐJAN
í heimabyggð**

Vallholtsvegi 8 Húsavík 525 3950



HÚSASMÍÐJAN

Boccia

Starf Bocciadeildar 2017, á 90 ára afmælishátíð Völsungs

Enn er komið að því að skrifa í Jólblað Völsungs og segja frá því helstu á starfi Bocciadeildarinnar á liðnu starfsári sem er það 28. frá stofnun.

Æfingar og þjálfun eru nokkuð með hefðbundnu sniði, þjálfarar eru Auður Jónasdóttir og Kristján Valur, eins og áður hlaupa stjórnarmenn í skarðið og aðstoða eftir þörfum. Æfingar hjá fötluðum er tvisvar í viku í stóra salnum og er mæting og ástundun góð, sama er hjá eldri borgurum þar eru iðkendur um 40 og eru með tíma fjóra daga í viku. Ekki tókst að halda úti æfingum fyrir yngstu krakkana nú á haustmíssi vegna skorts á leiðbeinendum, en verður endurskoðað á nýju ári.

Að venju sendi bocciadeild Völsungs myndanlegan hóp keppenda á öll helstu mót sem voru í boði og haldin eru á vegum ÍF. Fyrsta mót ársins var að venju Opna Húsavíkurmótið í Boccia sem var hið 28 frá upphafi og er fastur liður í starfi bocciadeildarinnar með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda, sem annast alla dómgæslu og merkingu valla. Mótinu stýrði stjórn bocciadeildarinnar, Egill Olgeirsson, mótstjóri, Anna María Þórðardóttir yfirdómari, Kristín Magnúsdóttir og Sigurgeir Höskuldsson um ritun og tölvuskráningu..

Mótið tókst í alla staði vel, góð þátttaka að venju er sýnir það enn einu sinni að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á bocciadeildinni með þátttöku, en þetta er fjáröflun fyrir deildina í formi firmakeppni. Þá var í fjórða sinn einnig keppni í krakkaflokki fatlaðra. Húsavíkumeistarar í Boccia 2017 urðu Jóna Rún Skarphéðinsdóttir og Hólmgeir Hreinsson, en þau kepptu fyrir Trésmíðjuna Rein ehf og hlutu að launum glæsilegan farandbikar sem gefin var af Norðlenska ehf og var nú keppt um í sjötta sinn. Einnig var afhentur "Hvatningabikar ÍF" sem hin öfluga bocciakona Hildur Sigurgeirsdóttir hlaut að þessu sinni. Bikarinn er farandbikar gefinn af Íþróttasambandi fatlaðra og veittur árlega þeim einstaklingi sem að mati stjórnar Bocciadeildar og þjálfara sýnir bestu ástundun, eljusemi í starfi og góðar framfarir.

Þá var komið að Íslandsmótinu í liðakeppni sem haldið var í Laugardalshöllinni 1.- 2. apríl.

Völsungar áttu þrjár sveitir í 3. deild, eina í 2. deild og tvær sveitir í 1. deild. Árangur allra sveitanna var góður og allir afskaplega sælir og glaðir með gengi okkar fólks á mótinu..

Í lok móts var svo að venju veglegt lokahóf í Gullhörmrum þar sem menn nutu góðra veitinga, skemmtiatriða og dansað fram eftir kvöldi af miklu fjöri.

Næst var það hið árlega Hængsmót á Akureyri sem fór fram 29. - 30. apríl. Keppt var bæði í einstaklings- og sveitakeppni og kepptu Völsungar í hvorutveggja meðsex sveitir og 17 keppendur í einstaklingskeppni. Árangur var góður þó ekki næðust verðlaunasæti.

Farið var á Norðurlandsmótið sem að þessu sinni var haldið á Akureyri, laugardaginn 11. nóvember, mótshaldari var Íþróttafélagið Akur. Keppendur voru hátt í 100 og keppt var í fötlunarflokkum og opnum flokki og endaði að sjálfsögðu á glæsilegri pitsuveislu og gleði. Keppendur frá Völsungi voru 24, sjö sveitir í fötlunarflokki og fimm frá „heldri borgurum“ í opnum flokki.

Norðurlandsmeistari í opnum flokki var A-sveit Völsungs skipuð „heldri-borgurum“ Guðmundi Magnússyni og Önnu Rínu Mikalsdóttir.

Fyrsta mót haustsins og toppurinn á starfsári deildarinnar var svo hið árlega „Íslandsmót“ í einstaklingskeppni, sem að þessu sinni var haldið hér á Húsavík 13. og 14. október. af bocciadeild Völsungs í samvinnu með ÍF. Til leiks mættu hátt á annað hundrað keppendur og voru gestir í allt um 250.

Mótið hófst á föstudagsmorgni í Íþróttahöllinni með veglegri mótsetningu þar sem fulltrúar frá 15 íþróttafélögum marseruðu í salinn undir traustri stjórn Ingólfs Freysonar:

Formaður Bocciadeildar Völsungs, Egill Olgeirsson, bauð keppendur og gesti velkomna, þá ávarpaði Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurlandsmótsgesti, að lokum ávarpaði formaður ÍF, Þórður Á Hjaltested, mótsgesti og setti Íslandsmótið 2017.

Fram kom í ávarpi formanns deildarinnar að það væri mikil áskorun að vera falið þetta stóra og krefjandi verkefni á 90 ára afmælisári Íþróttafélagsins Völsungs, en mótið var framlag bocciadeildarinnar í röð íþróttaviðburða á glæsilegu afmælisári félagsins.

Mótstjóri var Egill Olgeirsson og yfirdómari Anna María Þórðardóttir bæði úr stjórn deildarinnar. Dómgæslan var í höndum félaga úr Kiwanisklúbbum Skjálfanda sem ætíð hafa verið reiðubúnir að aðstoða bocciadeildina á öllum mótum frá upphafi, fengu þeir sér til aðsoðar nemendur úr Framhaldsskólanum og Borgarhólsskóla, einnig bocciafólk úr Félagi eldri borgara og ýmsa fleiri.

Keppt var í 5 deildum í almennum flokki fatlaðra, fötlunarflokki BC1-4 og í rennuflokki. Keppt var á föstudag og laugardag, voru það langir og strangir keppnis dagar, fyrst riðlakeppni og svo úrslit á laugardag. Að keppni lokinni fór svo fram vegleg verðlaunaafhending í öllum deildum og flokkum, besta árangri Völsunga náði Sverrir Sigurðsson er hampaði silfrinu í 1. deild.



HÚSAVÍKURMEISTARARAR 2017, JÓNA RÚN SKARPHÉÐINSDÓTTIR OG HÓLMGEIR HREINSSON MEÐ BIKARINN EFTIR SJÖTTA

Að lokinni verðlaunaafhendingu sleit Þórður Á Hjaltested formaður ÍF mótinu. Við það tækifæri kallaði hann upp Svanhildi Þorleifsdóttur og veitti henni viðurkenningu fyrir mikið og óeiingjarnt starf í þágu íþróttastarfs fatlaðra á Húsavík, hún væri verðugur fulltrúi þeirra sem ynnu störfín í grasrótinni, en Svana hefur staðið vaktina í veitingasölu deildarinnar á öllum mótum frá upphafi og alltaf verið tilbúin þegar til hennar hefur verið leitað og beðin að vinna fyrir bocciadeildina, Þá þakkaði hann mótshöldurum fyrir frábært mót, góðan undirbúning, skipulag og framkvæmd alla sem tekist hefði einstaklega vel. Að venju eftir stranga og langa keppnisdaga var svo á laugardagskvöldinu haldið glæsilegt lokahóf að Ýdölum. ,

Til að lítið félag eins og Bocciadeild Völsungs geti tekið að sér svona stórt og krefjandi verkefni að standa fyrir Íslandsmóti, þarf að leita til margra um stuðning og aðstoð, bæði einstaklinga, félaga og fyrirtækja. Vill bocciadeild Völsungs um leið og þakkaði er fyrir liðið ár koma á framfæri bestu kveðjum og þökkum til allra sem stutt hafa deildina dyggilega á liðnu starfsári og þá sérstaklega öllum þeim fyrirtækjum og aðilum sem styrktu og aðstoðuðu deildina við framkvæmd Íslandsmótsins nú í haust.

**Gleðileg jól, og farsælt komandi ár.
f.h. Bocciadeild ÍFV/Egill Olgeirsson**



Eymundsson

#LESTUMEIRA

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Beysi

Hugsað til formannsins Hallmars Freys:

Einu sinni Völsungur – Ávallt Völsungur!!!

„Einu sinni Völsungur – Ávallt Völsungur!!!“ Já, já, já, já – Við erum allir Völsungar!!!“

Þessi rödd, Beysa, Hallmars Freys Bjarnasonar, Formanns Völsungs með stórum staf, hljómar enn fyrir eyrum mér eins og örugglega svo margra sem ólust upp hjá félaginu og undir handarjaðri, já, og það stórum handarjaðri Beysa. Hin þróttmikla rödd, þessi stórbrotni maður, er öllum sem honum kynntust á lífsleiðinni í fersku minni. Í grein sem ég skrifaði árið 1987 kallaði ég hann „ekki aðeins andlit Völsungs út á við, heldur ekki síður hjarta þess og hendur.“

Þegar gamlir Völsungar hittast og fara að rifja upp minningar frá fornri frægð, kemur Beysi alltaf við sögu. Nú síðast t.d. í Skarpi í þessum mánuði þar sem Helgi Helgason knattspyrnukappi og frændi Formannsins, sat fyrir svörum. Helgi rifjar þar m.a. upp æskuárin og skrifar: „Oftast vann ég á sumrin hjá Varða og upplifði þar í fyrsta skipti uppistand. Í kaffitímum mætti Beysi og fór yfir þjóðmálin á sinn einstaka og ógleymanlega hátt. Enn þann dag í dag hef ég ekki séð myndnari uppistandara.“

Fyrir á þessu ári gaf Völsungur út 90 ára afmælisblað félagsins, en Völsungur var stofnaður 12. apríl 1927, sem kunnugt er. Í blaðinu var gripið niður á stöku stað í sögu félagsins í hinum ýmsu greinum, birtar myndir frá ýmsum tímum og félagar rifjuðu upp eftirminnileg atvik sem tengdust Völsungi. Þar kom að sjálfsgöðu Beysi víða við sögu, endar hann jafnan ofarlega í hugum okkar eldri Völsunga. En fleiri en einn og fleiri en tveir höfðu á orði að þeir hefðu saknað þess að ekki var ítarleg umfjöllun um Hallmar Frey í afmælisblaðinu, því hann hefði svo sannarlega átt það skilið.

Það er eðlilegt að svo hafi verið spurt. En svarið er einfalt. Þetta 90 ára afmælisblað var aðeins örlítið brot, smá sýnishorn af því sem mun birtast í bók sem gefin verður út á 100 ára afmæli Völsungs árið 2027. Og þar er öruggt að ítarlega verður fjallað um Hallmar Frey Bjarnason.

Samferð Völsungs og Beysa var löng, eins og fram kemur í minningargrein sem Kristján Ásgeirsson skrifaði við andlát hans, en Beysi lést langt fyrir aldur fram 21. júlí 1987, aðeins 55 ára að aldri. Hann var auðvitað í íþróttum á æskuárum, en hóf svo kornungur afskipti af stjórnunarstörfum, eða aðeins 21. árs gamall, eins og Kristján ritaði:

„Árið 1952, sama ár og hann kvæntist Guðrúnu Ingólfsdóttur, var hann kosinn í knattspyrnuráð og 1954 var hann kosinn í stjórn félagsins og formaður þess var hann frá árinu 1978. Enginn vafi er á því að sú starfsemi í æsku- og íþróttamálum í 35 ár hefur farið að einhverju leyti fram á heimili þeirra hjóna, þannig að fjölskyldan öll hefur tekið þátt í þessu starfi og oft verið ónæðissamt á heimilinu af þeim sökum.“

Annar félagi Beysa, Þorkell Björnsson, minntist hans m.a. með þessum orðum:

„Störf Freys í íþróttfélaginu Völsungi og þá sérstaklega formennska hans, má telja til afreksverka og báru hróður hans langt út fyrir bæjarmörk Húsavíkur. Hann var virtur og dádur af öllum þeim er að íþrótt- og æskulyðsmálum starfa, út um allt land.“

Og Þorkell rifjar upp það sem Beysi taldi alltaf hápunktinn á formannsstarfi sínu:

„Á s.l. ári vann meistaraflokkur Völsungs Íslandsmótið í knattspyrnu, 2. deild. Því leikur nú liðið í fyrsta skipti í 1. deild í ár, á 60 ára afmæli félagsins.“



ÞESSI MYND ER TEKIN Á AKUREYRARVELLI Á LEIK KA OG VÖLSUNGA 19. JÚNÍ 1987. FORMENN FÉLAGANNA, STEFÁN GUNNLAUGSSON OG HALLMAR FREYR Í ÞUNGUM ÞÖNKUM Í HÁLFLEIK. RÉTTUM MÁNUÐI SÍÐAR VAR HALLMAR ALLUR.

Mikill fögnuðu braust út meðal Húsvíkinga þegar sigurinn var í höfn. Enginn kættist þó meir en formaðurinn Freyr Bjarnason. Hann sagði sjálfur á sigurdaginn að þetta væri einhver dásamlegasti dagur sem hann hefði upplifað. Og sannarlega sýndi hann það í verki að hugur fylgdi máli. Hann tók sér frí í heila viku og bauð öllum að koma heim á Sólvellina og ræða málin og fá sér kaffisopa. Blómahafinu, sem barst til félagsins í tilefni sigursins, var komið fyrir í baðkeri hússins til þess að þau mættu lifa sem lengst og heimilisfólk þurfti að leita í önnur hús til að fara í bað þessa sigurviku!“

Svo mörg voru þau orð Þorkells Björnssonar. Og þau verða ekki fleiri hér að þessu sinni – en þau verða fleiri í 100 ára afmælisbók Völsungs. En vonandi hefur þessi stutta grein gefið yngri Völsungum, sem ekki áttu því láni að fagna að kynnast Formanninum með stórum staf, nokkra hugmynd um hver þessi maður var.

„Einu sinni Völsungur – Ávallt Völsungur!!!“

Jóhannes Sigurjónsson.

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



HÖFÐAVÉLAR ehf.

Óskum Húsvíkingum og
Þingeyingum gleðilegra
jóna og farsæls
komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum iðkendum
okkar og Völsungum
nær og fjær gleðilegra jóna
og farsældar á nýju ári.



METABOLIC
- Markviss árangur -

Meistaraflokkar í knattspyrnu

Meistaraflokkur karla

Undirbúningstímabilið fyrir sumarið 2017 gekk ágætlega hjá strákunum. Menn æfðu vel og formið batnaði jafnt og þétt. Ungir leikmenn fengu að spreyta sig í undirbúningsmótunum og það eru dýrmætari mínútur sem telja vel þegar fram í sækir.

Strákarnir fóru rólega af stað í fyrsta leik Kjarnafæðismótsins og töpuðu 2-0 gegn Þórsurum. Það reyndist eini tapleikurinn í mótinu sem skilaði liðinu í þriðja sæti eftir sigur á Magna í viðureigninni um bronsið.

Nú lá leiðin upp á við og spilamennskan varð betri og betri. Liðið tapaði ekki leik í Lengjubikarnum fyrr en í undanúrslitunum er Njarðvíkingar skorðu sigurmarkið í blálökin. 2-1 tap staðreynd fyrir besta liði 2. deildarinnar í sumar. Ljóst var að einhverjar breytingar yrðu á liðinu frá árinu áður. Stubbur, Jói Þórhalls, Halldór Orri, Aron Kristófer, Bergvin og Olgeir Sigurgeirs hurfu á braut og ljóst

áð Bjarki Þór Jónasar myndi ekki leika með liðinu þetta sumarið. Ásamt ungu strákunum sem komu enn meira inn í meistaraflokkinn þá tók Alexander Gunnar Jónasson fram hanskana og Snæþór veitti honum harða samkeppni um markmannstöðuna. Þá fengum við einnig reynsluboltann Guðmund Óla aftur heim og ljóst að það styrkti liðið verulega. Tveir sómapiltar komu á láni til okkar frá Stjörnunni og KR. Geirlaugur Árni Kristjánsson og Sverrir Bartolozzi. Þessir tvítugu jaxlar akváðu að taka slaginn úti á landi í sumar og spila með okkur hér í Völsungi. Einnig kom Halldór Mar Einarsson „heim“ til okkar í Völsung fyrir tímabilið og munaði um hann í baráttunni t.d. með 2. flokkur. Þeir smullu inn í hópinn og styrktu liðið okkar verulega. Frábær viðbót.

Eftir góðan stíganda á undirbúningstímabilinu hóf liðið Íslandsmótið af miklum krafti. Aftureldingu hafði verið spáð upp og segja má að strákarnir hafi slegið þá kalda niður á jörðina strax í fyrsta leik á Húsavíkuvelli. Niðurstaðan 5-1 og spilamennskan góð. Liðið náði ekki að setja saman almennilegt „rönn“ í úrslitum í sumar og þrátt fyrir að spilamennskan væri oftast nokkuð góð og stundum frábær þá lákum við of mörgum mörkum til baka sem hamlaði stigasöfnun verulega. Liðið datt út í 32 liða úrslitum Borgunarbikarsins í Grindavík eftir stórt tap.

Liðið sýndi oft á tíðum góða leiki í sumar og var þá sóknarleikurinn sérstaklega í sviðsljósinu. Liðið skoraði flest mörk allra liða í efstu fjórum deildum karlamegin og ekkert kvennalið skoraði meira. Liðið átti markahæsta leikmanninn, Sæþór Olgeirsson en hann skoraði 23 mörk í 21 leik í sumar. Liðið gerði alls 55 mörk í deildinni.

Strákunum og þeim sem að liðinu standa fannst niðurstaðan stigalega ekki nógu góð í sumar þrátt fyrir að margt gott væri hægt að finna við spilamennsku og framfarir. Okkur fannst alltaf stutt í toppinn og niðurstaðan því svekkjandi. Sjöunda sæti og detta út í 32 liða úrslitum bikars. Það er morgunljóst að það er blóð á tönnunum og strákarnir staðráðnir í að bæta um betur á næsta tímabili!

Á glæsilegu lokahófi meistaraflokkanna var Guðmundur Óli Steingrímsson kosinn besti leikmaður sumarsins. Sæþór Olgeirsson valinn efnilegastur og Gunnar Sigurður Jósteinsson leikmaður leikmannanna. Leikmenn, þjálfarar og stjórn höfðu kosningarétt. Leikmaður leikmannanna er sá sem þykir hafa staðið sig vel innan sem utan vallar, alltaf hægt að stóla á og treysta á öllum sviðum er snúa að boltanum. Er grænn í gegn.

2. flokkur karla

Sumarið var gjöfult og skemmtilegt hjá 2. flokki karla. Allir strákarnir í 2. flokki hafa æft með mfl. karla frá því síðasta haust og hafa því bætt sig verulega, enda umhverfið krefjandi og erfið.

Það var ljóst frá upphafi leiktíðarinnar að strákunum var fúlasta alvara í því að komast upp úr C-deildinni og í B-deild Íslandsmótsins. Spilamennskan var góð og baráttan til fyrirmyndar. Strákar úr 3. flokki styrktu liðið og hjálpuðu okkur að halda úti sterku liði í 2. flokki í sumar.

Það var þó ekki fyrr en í lok móts að æsispennandi og harðir leikir gegn Grindavík skáru úr um hvort liðið kæmist upp eða ekki. Sérstaklega þar sem okkur mistókst að gulltryggja okkur upp um deild fyrir austan. Tap gegn Austurlandi í Fjarðabyggðarhöllinni gerði leikina gegn Grindavík í lok móts að úrslitaleikjum. Glæsilegur sigur á heimavelli í sögulegum leik lagði grunninn að því að liðinu tókst ætlunarverk sitt. Jafntefli í Grindavík í síðasta leik sumarsins þýddi að við urðum í öðru sæti og færum því upp með Grindvíkingum. Völsungur í 2. flokki leikur því í B-deild að ári með Þórsurum og fleiri sterkum liðum. Glæsilegur árangur!

Á lokahófinu var Asgeir Kristjánsson kosinn besti leikmaður 2. flokks og Arnar Pálmi Kristjánsson úr 3. flokki var kosinn efnilegastur. Ófeigur Óskar Stefánsson var leikmaður leikmannanna.

Bjart framundan. Allir í gallana!

Það gerist ekkert af sjálfu sér í fótboltanum nú til dags. Knattspyrna er orðin heilsárs íþrótt og kröfur um aðbúnað, þjálfun, aðstöðu, líkamlegt form leikmanna, skipulag og færni eru stöðugt að aukast. Ísland er í rauninni að skjótast upp á stjörnuhimininn í heimsfótboltanum og hreyfingin hér á landi fylgir með. Þjálfun, kennsla og umgjörð er orðin vel samkeppnishæf við það sem þekktist annars staðar enda lætur árangurinn ekki á sér standa sbr. landsliðin okkar. Að halda úti metnaðarfullu starfi í knattspyrnu úti á landi eins og hjá okkur hér á Húsavík kostar vinnu og fjármuni. Þrátt fyrir að rekstur meistaraflokka Völsungs sé langt undir því sem gengur og gerist annars staðar hvað upphæðir varðar þá eru ferðalögin mikil og mörg og annar kostnaður er óhjákvæmilegur. Hér eru leikmenn ekki á launasamningum svo við leggjum mikla áherslu á að aðbúnaður, þjálfun og umgjörð sé sem best fyrir leikmennina.

Til að starfið gangi sem best er nauðsynlegt að eiga góða að. Stjórn, meistaraflokksráð, styrktaraðilar, sjálfbodaliðar og aðrir velunnarar knattspyrnunnar gera okkur kleift að halda úti þessu eftirtektarverða starfi. Því ber að koma á framfæri kærum þökkum til allra sem á einhvern hátt lögðu hönd á plóg og aðstoðuðu við að starfrækja flottu liðin okkar hér á Húsavík. Það er nefnilega þannig að stundum erum við Húsvíkingar svolítið seinir að átta okkur á því hversu eftirtektarvert starfið okkar er hér í knattspyrnunni. Það fer þó ekki fram hjá stóru liðunum og áhugafólki um knattspyrnu. Atli Barkarson samdi við Norwich, beint frá Völsungi, á árinu og stígur þar nú sín fyrstu skref sem atvinnumaður í knattspyrnu. Sannarlega frábær fyrirmynd fyrir unga iðkendur hér á Húsavík og ber starfinu í knattspyrnudeild Völsungs fagurt og gott vitni. Svo heldur áfram að fjölga Völsungunum í efstu deild karla en það er nú gömul saga og ný.

Meistaraflokksráð, þjálfarar og leikmenn meistaraflokks karla óska öllum Völsungum nær og fjær gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Sjáumst á vellinum næsta sumar!



Meistaraflokkur kvenna

Haustið 2016 settum við okkur þriggja ára markmið varðandi mfl. kvk. Markmiðin voru; að halda reyndu leikmönnum hjá okkur, að byggja liðið upp á heimastúlkum eins mikið og við gætum og að komast upp úr 2. deild í 1. deild.

Til að ná þessum markmiðum var ljóst að við þyrftum að bjóða upp á eitthvað spennandi. Við réðumst í ráðningu á bandarísku þjálfurunum Kaylu Grismsley, sem spilaði einnig með liðinu og Kristínu Corona. Þetta var gríðarlega metnaðarfull ráðning. Ráðning sem skilaði okkur flottum og tiltölulega stórum leikmannahópi í byrjun tímabils.

Jónas Halldór Friðriksson sá um þjálfun liðsins þar til þær stóllur mættu á svæðið í apríl og varð svo hluti af þjálfarateymi sumarsins.

Sumarið var gott. Leikmannahópurinn stóð undir væntingum og liðið í baráttu um að komast í 1. deild allt þar til tvær umferðir voru eftir. Niðurstaðan 5. sæti en aðeins 6 stigum frá því að komast upp í 1. deild.

Við lærðum margt í sumar og auðvitað fór ekki allt eins og við vildum. Brotthvarf Kaylu og Kristínu í byrjun ágúst hafði auðvitað mikil áhrif. Jónas Halldór tók þá við þjálfun liðsins og kláraði tímabilið. Við þökkum Jónasi fyrir hans starf í sumar.

Á lokahófi meistaraflokkanna var Dagbjört Ingvarsdóttir valin besti leikmaður sumarsins, Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir efnilegasti leikmaðurinn og Jana Björg Róbertsdóttir leikmaður ársins.


Nú á haustdögum gerðum við tveggja ára samning við John Andrews. John er 39 ára gamall Íri og hefur bæði spilað og þjálfað á Íslandi og víða um heim. Hann mun einnig þjálfva tvo yngri flokka ásamt því að sinna styrktarþjálfun hjá bæði meistaraflokk og yngri flokkum.

Með þessari ráðningu erum við aftur að bjóða upp á spennandi kost fyrir stelpurnar okkar og við hlökkum gríðarlega til næsta sumars. Takk fyrir sumarið stelpur og munið að þið getið allt sem þið viljið. Áfram stelpur í fótbolta!



*Fyrir hönd meistaraflokksráðs kvenna,
Sóley Sigurðardóttir*

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holl.ehf@simnet.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR



PCC Bakki Silicon hf

óskar Völsungum, íbúum

Norðurljóms og landsmönnum

öllum glédilegra jóla og

farsældar á komandi ári.

Þökkum allt líðið og

hlökkum til samstarfs

á komandi árum.